Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 2002.

*Fyrir hönd ráðsins,*
M. ARIAS CAÑETE
*forseti.*

12. desember 2003 Nr. 958

# REGLUGERÐ

**um (13.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða.**

1. gr.

Fjárhæðir í eftirtöldum ákvæðum skulu breytast þannig:
Í 5. gr. komi kr. 45.890 í stað kr. 40.009.
Í 6. gr. komi kr. 45.890 í stað kr. 40.009.
Í 10. gr. komi kr. 45.890 í stað kr. 40.009.
Í 14. gr. komi kr. 45.890 í stað kr. 40.009.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. og 26. gr., sbr. 22. gr., laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

11. desember 2003 Nr. 959

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 809/2000 um lögboðna brunatryggingu húseigna.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Vátrygging á húsi í smíðum, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða viðbyggingu við eldra hús, hefst um leið og vátryggingartaki hefur sannanlega afhent vátryggingafélagi beiðni þar um. Vátryggingarfjárhæð húss í smíðum fer eftir samkomulagi milli eigenda og vátryggingafélags.

Vátrygging húss, sem tekið hefur verið í notkun, gengur í gildi þegar vátryggingafélagið, einhver á vegum þess eða Fasteignamat ríkisins hefur sannanlega tekið við vátryggingarbeiðni, enda liggi fyrir beiðni um brunabótamat eignarinnar, sbr. 6. gr. Sama á við um gildistöku endurmats.

Vátryggingafélag skal ekki fella úr gildi brunatryggingu, hvort heldur er vegna eigendaskipta eða af öðrum ástæðum, nema fyrir liggi staðfesting á að húseigandi hafi tekið nýja vátryggingu hjá öðru félagi. Sé um eigendaskipti að ræða, gengur vátrygging í gildi á afhendingardegi, sem tiltekinn er í kaupsamningi um húseign eða öðrum eignarheimildarskjölum. Séu liðnir meira en 14 dagar frá afhendingu eignar við skráningu eigendaskiptanna í Landskrá fasteigna eða upplýsingar liggja ekki fyrir um afhendingardag, skal vátrygging taka gildi á skráningardegi eigendaskiptanna í Landskrá fasteigna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 8. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 11. desember 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Þóra M. Hjaltested.*



# AUGLÝSING

## um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997, iðnaðarsvæði ofan Strandarvegar.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997 frá 30. mars 1978.

Breytingin felst í því að óbyggt svæði ofan Strandarvegar utan Skuldarlækjar verður iðnaðarsvæði og er ætlað fyrir spennistöð/aðveitustöð RARIK.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 10. desember 2003.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*